

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 81 – 14.02.2007

Miðvikudaginn 14. febrúar, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri.

DAGSKRÁ:

1. Kynningarbæklingur Skagafjarðarveitna ehf.
2. Úttekt á möguleikum á bleikjueldi í Skagafirði.
3. Bréf frá Flugu ehf.
4. Heimæðagjöld v/ hitaveitu út að austan.
5. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Áskell Heiðar Ásgeirsson sviðsstjóri mætti á fundinn og lagði fram drög að kynningarbæklingi fyrir Skv. Unnið verður áfram í málinu og því flýtt eins og kostur er.

2. Rætt var um möguleika á víðtæku bleikjueldi í Skagafirði og var lögð fram eftirfarandi bókun.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að leita samstarfs við Háskólann á Hólum og Fisk-Seafood um verkefnið: Úttekt á möguleikum í fiskeldi í Skagafirði.

Markmiðið með verkefninu er að kanna möguleika á nýtingu á heitu og köldu vatni til fiskeldis í Skagafirði. Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á bleikjueldi sem búgrein, því víða í firðinum er að finna heitt og kalt vatn, sem hægt er að nýta m.a. til fiskeldis. Á Hólum er mikil þekking á bleikjueldi og Fisk-Seafood hefur reynslu af vinnslu og markaðssetningu á afurðum úr bleikju.

Veitustjóra falið að koma erindinu til viðkomandi aðila og koma á fundi um málið.

3. Lagt fram bréf dags 25. janúar 2007 frá Flugu ehf. sem á og rekur Reiðhöllinni Svaðastaði hér á Sauðárkróki. Í bréfinu er farið fram á að stjórn Skagafjarðarveitna ehf veiti Flugu styrk sem nemur greiðslu fyrir árleg vatnskaup félagsins af Skagafjarðarveitum ehf.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf hafnar erindinu.

4. Farið yfir verðlagningu á heimæðargjöldum vegna hitaveitu á Hofsósi ásamt dreifbýlinu við Hofsós og í dreifbýlinu sunnan Steinsstaða.

Samþykkt voru drög að gjaldskrá heimæðagjalda sem tekur mið af hagkvæmisútreikningum KPMG endurskoðun á Sauðárkróki. Gert er ráð fyrir að 90 % húsa tengist veitunni.

Áætlað er að virkja heitavatnsholuna í Hrolleifsdal, leggja stofnlögn að Hofsósi og dreifikerfið á Hofsósi nú í ár, en ljúka verkinu 2008.

Veitustjóra falið að senda kynningarbréf til væntanlegra notenda á svæðinu.

5. Önnur mál engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Páll Pálsson ritaði fundargerð (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.